

Kópavogi, 1. maí 2023

Efni: Tillaga að ályktun notendaráðs vegna byggingareglugerðar frá Ingvaldi Jónsdóttur fulltrúa í notendaráði.

Með tölvupósti dags. 1. maí 2023 óskaði Ingvaldur Jónsdóttir fulltrúi í notendaráði eftir því að eftirfarandi tillaga að ályktun notendaráðs yrði lögð fyrir fund ráðsins ásamt greinargerð.

„Notendaráð í málefnum fatlaðs fólks í Kópavogi krefst þess að ákvæði um hámarks fjarlægð milli bílastæða hreyfihamlaðra og inngangs húss verði sett aftur inn í byggingareglugerð þegar í stað.“

Greinargerð:

Í þeirri útgáfu byggingareglugerðar sem birt var á vefsíðu Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar þar til í byrjun þessa árs var byrjun þeirrar greinar reglugerðarinnar sem fjallar um bílastæði hreyfihamlaðra svona:

„6.2.4. gr.

Bílastæði hreyfihamlaðra.

Bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera sérstaklega merkt á yfirborði og einnig með lóðréttu skilti. Þau skulu vera sem næst aðalinngangi bygginga, ekki fjær en u.þ.b. 25 m. Þar sem því verður við komið skal stæðum fyrir hreyfihamlaða komið fyrir á svæðum sem eru upphækkuð í gangstéttarhæð og tengd gangstéttum.

Hindrunarlaus leið skal vera frá bílastæðum hreyfihamlaðra að aðalinngangi byggingar.

Bílastæði hreyfihamlaðra og umferðarleiðir frá þeim að aðalinngangi byggingar skulu vera upphituð þar sem því verður við komið."

Í byrjun árs uppgötvaðist að greinin var ekki formlega rétt og mun henni hafa verið breytt árið 2016. Árið 2016 hafði formlega átt að fella út setninguna:

„Þau skulu vera sem næst aðalinngangi bygginga, ekki fjær en u.þ.b. 25 m."

Öll sem að málum komu, hönnuðir, verktakar, byggingafulltrúar og Úrskurðarnefnd Umhverfis og Auðlindamála, hafa farið eftir 25 metra reglunni með örfáum undantekningum. Þar sem vikið var frá reglunni var það leiðrétt enda öll sammála um að reglan sé eðlileg.

Það er mun minni tilgangur í bílastæðum fyrir hreyfihamlað fólk ef þau eru í órafjarlægð frá inngangi. Fólk sem staulast við stafi, hækjur og göngugrindur hefur oft afar lítið úthald og getur því ekki sinnt erindum sínum ef því er ætlað að leggja langt frá inngangi.

Auk þess minnka líkur að "hindrunarlaus leið" sé "frá bílastæðum hreyfihamlaðra að aðalinngangi byggingar." eins og segir í reglugerðinni, eftir því sem vegalengdin eykst.

Ekki er annað að sjá, en að hin formlega breyting frá 2016, sem fór ekki inn í reglugerðina fyrr en 7 árum síðar, hafi verið einhvers konar mistök, enda hefur enginn gert athugasemd við það í 7 ár að setningin um hámarksfjarlægðina væri inni í reglugerðinni. Þess vegna ætti það að vera einfalt formsatriði að setja hana aftur inn.

Ályktun þessi ásamt greinargerð verður send til lðnaðarráðuneytisins og Húsnæðis og Mannvirkjastofnunar.